

*Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 13/1995
(Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 3/1995)*

Heildsölubakarí gegn samkeppnisráði

I.

Með bréfi er barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála hinn 22. mars 1995, hefur Heildsölubakarí, Grensásvegi 26, Reykjavík, kært [ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 3/1995](#), frá 27. janúar 1995, þar sem ráðið bannar með heimild í 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, að auglýst sé með orðunum „Heildsölubakarí“ og „heildsöluverð“ þegar selt er í smásölu til neytenda.

Krefst áfrýjandi þess að ákvörðun samkeppnisráðs verði felld úr gildi og að honum verði heimilað að nota lögskráð nafn firmans „Heildsölubakarí“ í auglýsingum á vegum þess.

Af hálfu samkeppnisráðs er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Málið var tekið fyrir á fundi hjá nefndinni hinn 22. maí 1995. Var þá báðum aðilum gefinn kostur á að tjá sig um málið. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar.

II.

Áfrýjandi byggir kæru sína einkum á fjórum eftirtöldum málsástæðum.

Í fyrsta lagi byggir áfrýjandi á því að hann njóti ekki jafnréttis við önnur firmu, en fyrir liggir að aðrir aðilar hafi auglýst vöru sína með sama hætti, án þess að við það hafi verið gerð athugasemd af hálfu Samkeppnisstofnunar. Því hafi jafnræðisregla stjórnisýslulaga verið brotin á áfrýjanda.

Í öðru lagi byggir áfrýjandi á því að samkeppnisráð skorti heimild til að banna notkun lögskráðs firmanafns áfrýjanda.

Í þriðja lagi byggir áfrýjandi á því að ákvörðun samkeppnisráðs brjóti gegn anda samkeppnislaga, þar sem hún dragi úr samkeppni en auki hana ekki. Tilgangurinn með kæru Landssambands bakarameistara sé augljóslega ekki sá að stuðla að lægra vöruverði, heldur þvert á móti að bregða fæti fyrir þá aðila sem séu í beinni samkeppni við félagsmenn Landssambandsins og selji vörur sínar á lægri verðum en félagsmenn Landssambandsins.

Í fjórða lagi byggir áfrýjandi á því að ákvörðunarorð samkeppnisráðs séu svo óljós að nánast sé útilokað að átta sig á því hvernig þau skulu framkvæmd, en engar leiðbeiningar hafi komið fram af hálfu ráðsins hvernig áfrýjanda sé heimilt að nota hið lögskráða nafn sitt.

III.

Af hálfu samkeppnisráðs er bent á að samkvæmt 21. gr. samkeppnislaga sé bannað að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti að beita slíkum viðskiptaaðferðum sem sama merki séu brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft sé á boðstólum í atvinnustarfssemi sem lög þessi taki til.

Í úrskurði samkeppnisráðs sé bannað að auglýsa með orðunum „Heildsölubakarí“ og „heildsöluverð“ þegar selt er í smásölu til neytenda. Það sé talið brjóta í bága við 21. gr. samkeppnislaga að nota orðin með þessum hætti þar sem um ranga og villandi upplýsingagjöf sé að ræða. „Heildsölubakaríð“ selji vörur sínar í smásölu til neytenda eins og flest bakarí og það hafi ekki haldið því fram að um heildverslun sé að ræða. Hér sé því verið að gefa rangar og villandi auglýsingar með heiti bakarís.

Þá bendir samkeppnisráð á að áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafi viðurkennt í úrskurði í máli nr. 6/1995, að það sé auglýsanda að sanna að fullyrðingar sem hann setji fram séu réttar. Í því tilfalli sem hér um ræðir hafi áfrýjandi ekki sannað að hann selji í heildsölu á heildsöluverði. Hins vegar liggi alveg ljóst fyrir að hann selji í smásölu til neytenda. Ekki skipti máli hvort um hátt eða lágt verð sé að ræða. Hér sé verið að gera athugasemdir við nafngift á fyrirtæki „Heildsölubakarí“ þegar hún sé notuð í auglýsingaskyni og það verð „heildsöluverð“ sem fyrirtækið telji sig vera að selja á, þegar selt sé á smásöluverði í smásölu til neytenda.

Að lokum eru í greinargerð samkeppnisráðs gerðar athugasemdir við framangreindar málsástæður áfrýjanda.

IV.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur sig ekki hafa lagastoð til að banna almenna notkun á heiti fyrirtækis sem hlotið hefur opinbera skráningu á nafni sínu. Nefndin fellst heldur ekki á að notkun áfrýjanda á skráðu firmanafni sínu í auglýsingum feli í sér ranga og villandi upplýsingagjöf sem brjóti í bága við 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Hvað varðar notkun orðsins „heildsöluverð“ í þeim auglýsingum, er um ræðir í máli þessu, verður eigi séð að það geti talist villandi miðað við þann viðskiptamáta, sem áfrýjandi stundar, þar sem þeirri staðhæfingu hefur eigi verið hnekkð að hann selji almennum neytendum vöru sína á hagstæðu verði sem er hið sama og til smásala, er þeir leita eftir viðskiptum við áfrýjanda.

Úrskurðarorð:

„Ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 3/1995, frá 27. janúar 1995, er felld úr gildi.“

Reykjavík, 26. maí 1995

Páll Sigurðsson
(sign)

Inga Jóna Þórðardóttir
(sign)

Þórunn Guðmundsdóttir
(sign)